

Borgarbyggð
Borgarbraut 14
310 BORGARNES

Garðabær, 4. júní 2024
Málsnúmer: 202405-0024
SS

Efni: Vinnslutillaga að nýju deiliskipulagi fyrir íþróttasvæði Borgarness – Umsögn.

Vísað er í tölvubréf frá Borgarbyggð, sem barst þann 21. maí 2024 gegnum Skipulagsgátt. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um vinnslutillögu að nýju deiliskipulagi fyrir íþróttasvæði Borgarness.

Um vinnslutillögu er að ræða og því hlutar greinargerðar ókláraðir. Viðfangsefni tillögunnar er að skilgreina uppbyggingarmöguleika á núverandi íþróttasvæði í þéttbýli Borgarness. Meðal þess sem lagt er til er stækkun landfyllingar norður af sundlaugarbyggingunni. Ekki kemur fram hversu stór landfyllingin verður, að flatar- eða rúmmáli, né hvernig og hvaða efni verður notað í hana. Óljóst er hvort framkvæmd um landfyllingu verði tilkynnt með matsskyldufyrirspurn til Skipulagsstofnunar.

Fram kemur að Borgarvogurinn sé á svæði á B-hluta náttúruverndarsviðs. Hið rétta er að svæðið er tilnefnt fyrir B-hlutann en endanleg ákvörðun um B-hlutann liggur ekki fyrir. Svæðið er tilnefnt vegna mikilvægra fjöruvistgerða og fuglalífs. Í Borgarvogi finnst m.a. gulþörungaleira sem er sjaldgæf vistgerð. Vítnað er í heimild frá Náttúrufræðistofu Íslands, en rétt heiti er Náttúrufræðistofnun Íslands.

Áætluð landfylling mun valda raski á fjöruvistgerðum í Borgarvogi og mikilvægt að lagt sé mat á hversu mikið það rask er og að fjallað sé um hvernig hægt er að draga úr neikvæðum áhrifum.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

